


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 3		
FÉLA3SE05 - stjórn málafræði		
Námsáætlun Vorönn 2017		

Kennari	Þorsteinn Krüger	Sk.st.	ÞOK
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Helstu hugtök stjórn málafræðinnar kynnt. Nemandinn lærir um grundvallarstjórn málastefnur 19. aldar sem áttu eftir að móta flokkakerfi stjórn mála vestrænna ríkja, þ.m.t. Ísland. Kynntar verða kenningar um lýðræði, stjórnkerfi, kosningahegðun, mismunandi kjördæmaskipan, flokkaskipulag og samspil þar á milli. Saga og þróun íslenskra stéttastjórn málaflokka er rakin frá upphafi til nútímans. Nemandinn metur þróun íslenskra stjórn mála út frá þeim hugtökum sem hann lærir og tengir sögu íslenskra stjórn málaflokka við helstu hugmyndakerfin. Einnig verður gerð grein fyrir alþjóðlegri samvinnu ríkja eftir síðari heimsstyrjöld, m.a. verður aðdraganda og þróun Evrópusambandsins lýst, uppbyggingu og stjórnkerfi þess og jafnframt verður leitast við að varpa ljósi á umræðu dagsins í dag um kosti og galla aðildar að ESB. Áhersla á að tengja námsefnið reynsluheimi nemanda, auka víðsýni hans, rökhugsun og sjálfstæð og öguð vinnubrögð.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum stjórn málafræðinnar
- grundvallarstjórn málastefnum sem mótað hafa flokkakerfi vestrænna ríkja og víðar, þ.m.t. það íslenska
- mismunandi kenningum um lýðræði, vald, kosningakerfi og fleiri viðfangsefnum stjórn málafræðinnar
- sögu og þróun íslenskra stéttastjórn mála frá upphafi þeirra til nútímans
- alþjóðlegri samvinnu eftir síðari heimsstyrjöld, einkum það sem snýr að Íslandi
- samvinnu Evrópuríkja eftir síðari heimsstyrjöld, aðdraganda Evrópusambandsins og stofnanauppbyggingu þess

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita helstu hugtökum stjórn málafræðinnar í námi og daglegri umræðu
- ræða og rita um viðfangsefni stjórn málafræðinnar af þekkingu og víðsýni
- nota þekkingu sína til áframhaldandi náms sem og í almennri umræðu um samfélagsleg málefni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	FÉLA3SE05 - stjórn málafræði	
	Námsáætlun Vorönn 2017	

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja stefnu og sögu íslenskra stjórn málaflokka við helstu hugmyndakerfi alþjóðlegra stjórn mála
- rökræða og útskýra fyrir öðrum ýmis hugtök og viðfangsefni stjórn málafræðinnar
- láta sig varða ýmis samfélagsleg álitaeefni í lýðræðislegu þjóðfélagi
- skilja mikilvægi stjórn mála og stjórn málaþátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi
- beita gagnrýninni hugsun á viðfangsefni stjórn málafræðinnar


Námsgögn:

Stefán Karlsson: *Stjórn málafræði*. Iðnú. Rv. 2009 (Athugið, ekki nota eldri útgáfur).

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
1 - 2. vika	1. – 2. kafli	
3. vika	3. kafli	
4. - 5. vika	4. kafli	Skilaverkefni
6. - 7. vika	5. kafli	Moodleverkefni
8. vika	6. - 8. kafli (9. kafla er sleppt)	
9. vika	10. - 11. kafli (12. kafla er sleppt)	Könnun, k. 1 - 8
10. - 11. vika	13. kafli (14. kafla er sleppt)	
12. vika	15. - 16. kafli (í 16. kafla bls. 167 til 181)	Skilaverkefni
13. vika	16. kafli kláraður	
14. - 18. vika	18. kafli, bls. 205 til 228. (Páskafrí í 15. viku)	Skilaverkefni

Með vikunr. er átt við vikunúmer dagatalsins og innu.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 3 af 3		
FÉLA3SE05 - stjórn málafræði		
Námsáætlun Vorönn 2017		

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	Skriflegt próf í lok annar		50%
Skilaverkefni	Þrjú skilaverkefni, 10 % hvert		30%
Moodleverkefni	Moodleverkefni. Krossapróf um hugmynda- og stjórn málastefnur		10%
Könnun	Könnun úr 1. hluta, köflum 1 - 8		10%
	Samtals:		100%
Annað:			
Verkefnum ber að skila tölvuunnum á auglýstum skiladegi. Athuga vel meðfylgjandi reglur um verkefnaskil.			

Allar glærur verða aðgengilegar á Moodle- kennsluvefnum. Brynt er að fara reglulega þangað inn því kennari mun nota vefinn fyrir ýmis konar tilkynningar sem varða áfangann.

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og óskum um gott samstarf.

Þorsteinn Kruger
kruger@vma.is

Dagsetning: 4/1/17
Þorsteinn Kruger
Undirritun kennara

4. 1. 2017
Þorsteinn Kruger
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils